

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr kjúklingum, kalkúnum og öðrum alifuglum fyrir slátrun.

Svona skalt þú taka sýni

Lýsing

Sýni til greiningar á Salmonellu skal taka allt að 21 dögum fyrir slátrun. Niðurstöður úr rannsókn sýnis þurfa að liggja fyrir áður en eldshópurinn er fluttur í slátruhús.

Taka skal eitt safnsýni sem samanstendur annað hvort af tveimur sokkapörum eða hins vegar af einu sokkapari og einu ryksýni.

Sokkasýni (skóhlífasýni)

Nota skal rakadrægt efni, t.d. þar til ætlaðir skóhlífar eða grisjuhólka, sem klipptir eru í u.þ.b. 50cm langa búta.

Notaður er skófatanaður sem tilheyrir eldishúsi.

Ekki leyfilegt að nota sótthreinsandi efni á skó áður en sokkar eru settir á skóna. Ef notast er við fótabað með sótthreinsandi efni þarf að nota einnota skóhlífar undir sýnatökubúnað.

Fyrir sýnatöku skal væta sokka í hreinu vatni.

Sokkarar er sett yfir skófatnað, einn sokkur á hvorn fót. Ef notaðir eru grisjuhólkar er sokkur festur á hællum með því að rífa upp í grisjuna og hnýta saman.



Síðan er gengið um allan eldissalinn og tryggt að sýni náist af mismunandi svæðum (þurrum, blautum o.s.frv.).

Þegar búið er að fara yfir sýnatökusvæðið er skóhlífa/sokkaparið tekið varlega af skófatnaði og þess gætt að innihaldið hrynji ekki af (gott getur verið að snúa skóhlífum/sokkum við (venda) utan um innihaldið).

Sokkarar er sett í hreinan plastpoka og merkt. Ef tekin eru sýni með tveimur sokkapörum er sýnatakan endurtekin þannig að eldissal er skipt í tvennt og gengið um helming eldissals með hvoru sokkapari. Bæði sokkapörin eru sameinuð í einn plastpoka.

Ryksýni

Ryksýni eru tekin um allt húsið.

Nota skal einnota hanska til að safna ryki. Safnað er a.m.k. 100g í plastpoka eða glas (sem rúmar 250ml eða meira).

Ryksýni skal setja í sér poka.

Á rannsóknarstofu eru sokkarar (eitt par) og ryksýni rannsökuð sem eitt safnsýni.

Frágangur

Merkja skal sýnið vel með rekjanleikanúmer eldishóps og sýnatökudagsetningu.

Fyllta þarf nákvæmlega út rannsóknareyðublað og senda sýni ásamt rannsóknarbeiðni samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Sýni skal halda frá miklum hita eða sólskini.

Ef ekki er hægt að senda sýni samdægurs eða innan 24 klst. frá sýnatöku þarf að geyma það í kæli við 2-8°C. Athugið að sýni telst óhæft til rannsóknar ef það líða meira en 96 klst. frá sýnatöku og þar til sýni berst rannsóknastofu.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Grisjur / sokkar
- Tússpenni og límmiðar
- [Rannsóknareyðublað](#)
- Kassi til sendingar



Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 646/2007, innleidd með reglugerð nr. 1014/2011, með síðari breytingum.

Síðast uppfært: 13. maí 2019